

29.03.2020

Bæjarstjórn Fjallabyggðar  
Gránugötu 24  
580 Siglufirði

Ég undirrituð óska eftir lausn frá öllum trúnaðarstörfum fyrir Fjallabyggð, þar með talið stöðu varabæjarfulltrúa fyrir I- lista betri Fjallabyggð.

Nokkrar ástæður koma til. Ein af þeim er sá alvarlegi trúnaðarbrestur sem varð við framkvæmd ráðningu nýs bæjarstjóra. Ekkert samráð var haft innan meirihlutans um það hvernig standa ætti að þessu né hver yrði ráðinn til starfans. Samkvæmt starfsreglum meirihlutaráðs 2. gr. skulu „allar meiriháttar ákvarðanir og breytingar á fyrri ákvörðunum framboðanna vera teknar fyrir í ráðinu. Auk þess ber að taka upp í ráðinu allar ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á stjórnun og stefnu sveitarfélagsins. Ráðning bæjarstjóra hlýtur að falla þar undir“

Það eru mér gríðarleg vonbrigði að sitjandi bæjarfulltrúar skuli kjósa að vinna á svona ólýðræðislegan hátt. Sérstaklega á tímum þegar mikil áhersla er lögð á samvinnu í nútíma sveitarstjórnarstörfum sem byggja á samráði og samkomulagi. Mér finnst það dapurt og í raun lýsa ákveðinni vanhæfni kjörinna bæjarfulltrúa að þeir skuli ekki treysta sér í það pólitíska samtal og núning sem þarf oft að eiga sér stað svo hægt sé að ná breiðri samstöðu. Pólitík byggist alltaf á mismunandi afstöðu og skoðunum og það verður að vera svigrúm fyrir ágreining. Undirstaða þess er traust og gagnkvæm virðing og að allir fulltrúar hafi sömu tækifæri varðandi upplýsingargjöf. Annað getur beinlínis verið hættulegt og ýtt undir ranga ákvarðana töku og þröngsýni.

Ég hef einnig frá upphafi meirihlutasamstarfs verið verulega ósátt hversu litla aðkomu við varabæjarfulltrúar og bakland höfum haft af ýmsum málum. Það hefur heldur ekki verið vilji né áhugi á að koma á nauðsynlegum stefnum í hinum ýmsu málaflokkum sem hafa veigamikla þýðingu í vexti og þróun byggðakjarnanna. Má þar t.a.m. nefna ferðamálastefnu, umhverfisstefnu, geðheilbrigðisstefnu, fjölskyldustefnu, mannauðs og þjónustustefnu, eineltis og öryggisáætlun og máttlitla menningarstefnu. Fjárhagsáætlun þar af lútandi talar sínu máli. Það bólar heldur ekkert á varanlegum úræðum fyrir félagsmiðstöðina Neon né íbúasamráði af nokkru tagi þrátt fyrir fögur fyrirheit þar um.